

## **Fundur fræðslunefndar Langanesbyggðar, haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn, þriðjudaginn 29. október 2012 kl. 16:00**

**Mætt:** Siggeir Stefánsson formaður, Jóhanna Thorsteinson, Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, Kristinn Lárusson, Eggert Stefánsson, Halla Rún Halldórsdóttir, María Guðmundsdóttir, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir, Bylgja Sigurbjörnsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Siggeir setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og tilkynnti um forföll Ingveldar skólustjóra GP.

### **1. Skýrsla grunnskólans á Bakkafirði (GB) – María Guðmundsdóttir, skólustjóri.**

- Fór yfir starfsmannahald og að fjöldi nemenda er 17 fyrir skólaárið 2012/2013
- Kynnti nýjung í kennsluaðferðum á Bakkafirði, svokallaðar vinnustofur nemenda.
- Kom inn á skilin milli skólaráðs og fræðslunefndar. Það rætt meðal nefndarmanna. Lagt til að María og Ingveldur vinni að samræmdum reglum fyrir skólaráð skólanna.
- Kynnti að Ingvar Sigurgeirs mun fjalla um opnu vinnustofurnar á ráðstefnunni „Vaxtasprotar í skólastarfi“ sem er mjög jákvætt.
- Vakti athygli á nauðsyn þess að fara að skoða lekann í skólanum á Bakkafirði.
- Kynnti niðurstöður fyrir samræmdu prófin á Bakkafirði.
- Kom inn á fjölgun barna á leikskólaaldri á Bakkafirði á næstunni.
- Lýsti ánægju sinni með íþróttakennsluna á Þórshöfn en krakkarnir á Bakkafirði eru almennt ánægðir með hana.

### **2. Önnur mál:**

- Skólaþjónustan var rædd og hlutverk hennar var rætt meðal nefndarmanna.
- Pólskukennsla skólanna var rædd. Jóhanna er búin að vera í samskiptum við tungumálaver.is vegna pólskukennslu.
- Nefndarmenn sammála um að gott yrði að funda fljótt aftur. Verkefni sem framundan eru fyrir fræðslunefnd er að fylgja eftir umbótaáætlun fyrir GP. Einnig þarf fræðslunefnd að fara að vinna að skólastefnu fyrir Langanesbyggð.
- Kynnt var undirbúningsvinna sem komin er af stað vegna fyrirhugaðrar byggingar á nýjum Leikskóla í Langanesbyggð. Undirbúningshópur hefur fundað tvisvar og stefnt er á að heimsækja leikskóla á austurlandi fljótlega.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:36.